

Kirkjusandur

Vesturbugt

Samstarf í húsnæðismálum - „Nýju Reykjavíkurhúsin“



Kirkjusandur - frumhugmynd að deiliskipulagi



Vesturbugt - skipulagshugmynd

Reykjavíkurborg óskar eftir samstarfi við byggingarfélög, sjálfseignarstofnanir, húsnæðissamvinnufélög og leigufélög, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og hafa að markmiði byggingu íbúða fyrir félagsmenn sína.

Þetta verkefni varðar tvö byggingarsvæði: Í Vesturbugt er áformað að reisa allt að 80 íbúðir á grundvelli þessa samstarfs og á lóðum Reykjavíkurborgar við Kirkjusand um 100 íbúðir. Þegar fjöldi og samsetning samstarfsaðila liggur fyrir er áformað að bjóða lóðirnar út í almennu útboði.

Samstarfið er liður í þróunarverkefni sem kallast „Nýju Reykjavíkurhúsin“. Það byggir á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 og nýrri húsnæðisstefnu borgarinnar,

sem gera ráð fyrir auknu og fjölbreyttu framboði húsnæðis fyrir ólíka félagshópa.

Þau félög sem vilja kynna sér nánar þetta samstarf og uppbyggingarsvæði geta fengið sérstaka kynningu hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Félög sem hafa áhuga á samstarfi og uppfylla framgreind viðmið skulu tilkynna um áhuga sinn til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir 29. maí 2015.

Netfang: sea@reykjavik.is

Nánari upplýsingar á vefsíðunni reykjavik.is/lodir

